

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir,  
Guðmundur Árni Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller.

### 1. gr.

Á eftir orðunum „vegna atvinnurekanda og“ í 1. tölul. A-liðar 30. gr. laganna kemur: íþróttastyrkja sem.

### 2. gr.

Við 1. tölul. 31. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Til rekstrarkostnaðar telst jafnframt kostnaður sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem af forvarnaaðgerðum og læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

### Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að stuðla að betri heilsu landsmanna með þátttöku atvinnurekanda í kostnaði sem aftur ætti að leiða til lægri útgjalda ríkissjóðs til heilbrigðismála.

Með frumvarpinu er lagt til að kostnaður sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem með forvarnaaðgerðum, læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, verði frádráttarbær frá skatti. Jafnframt er lagt til að einstaklingar geti dregið útgjöld að hámarki móttækinni fjárhæð íþróttastyrks frá tekjum.

Meginregla skattalaga um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri felur í sér að heimilt er að draga frá tekjum rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Helstu frádráttarliðir eru síðan taldir upp í lögnum en sú upptalning er engan veginn tæmandi og er í mörgum tilvikum matsatriði hvað fallið getur þar undir þegar lagaákvæðum sleppir.

Ekki hefur verið litið á greiðslur vinnuveitanda til starfsmanna vegna íþróttaiðkana sem frádráttarbæran rekstrarkostnað nema hann sé gefinn upp á launamiðum sem hlunnindi starfsmanna. Sú niðurstaða er þó engan veginn óumdeilanleg þar sem hagsmunir vinnuveitanda af því að starfsmenn séu við góða heilsu eru ótvíræðir. Heilbrigðir og hraustir starfsmenn eru líklegir til að skila meiri tekjum til fyrirtækja og gildir þá einu á hvaða sviði það er. Kostnaður vegna starfsmannahalds minnkar því að gera má ráð fyrir minni veikindum ef starfsmenn stunda holla hreyfingu.

Samkvæmt framansögðu má því vissulega halda því fram að peningar sem varið er til heilsueflingar séu til þess fallnir að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við.

Gefi vinnuveitandi íþróttastyrki upp á launamiðum greiða starfsmennirnir skatt af þeim, geri hann það ekki greiðir vinnuveitandi sjálfur skatta af slíkum framlögum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er tryggt að hvorki vinnuveitandi né starfsmenn þurfi að greiða skatta af slíkum styrkjum. Nauðsynlegt er að tiltaka frádráttarheimildina bæði hjá einstaklingum og lögaðilum þar sem fjölmargir óskattskyldir aðilar, t.d. ríkið og sveitarfélög, sjúkrasjóðir lífeyrissjóða, greiða líkamsræktarstyrki nánast alltaf gegn kvittunum. Það verður því að heimila frádrátt frá þessum greiðslum, til að jafnræðis sé gætt gagnvart þessum aðilum og launþegum skattskyldra vinnuveitenda.

Með hliðsjón af þessu er ekki óeðlilegt að mörg fyrirtæki hafa séð sér hag í því að hvetja og styrkja starfsmenn sína til að stunda líkamsrækt af einhverjum toga en gera má ráð fyrir að þau yrðu enn þá fleiri væri kostnaður frádráttarbær frá skatti.

Frumvarp þetta heimilar lögaðilum ekki aðeins að gjaldfæra framlög til starfsmanna sinna vegna íþróttaiðkana heldur er gert ráð fyrir að framlög til hvers konar aðgerða sem eru til þess fallnar að efla og tryggja heilsu starfsmanna séu frádráttarbærar. Gert er ráð fyrir að ráðherra útfæri þessa heimild nánar í reglugerð.

Ávinningur af þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til er margþættur. Gera má ráð fyrir að vinnuveitendur verði viljugri til að bera kostnað af ýmiss konar aðgerðum sem vernda og stuðla að betri heilsu starfsmanna sem aftur skilar sér í auknu starfsþreki og meiri framleiðni. Starfsmennirnir hafa augljósan persónulegan ávinning af þessu. Ávinningur þeirra er betri heilsa og starfsþrek til vinnu sem og tólmstunda auk fjárhagslegs ávinnings. Ávinningurinn ristir dýpra því að heilsuefling og hreyfing er lýðheilsumál sem stjórnvöld á hverjum tíma hljóta að gefa gaum enda er aukin hreysti landsmanna þjóðhagslega hagkvæm, t.d. með minni kostnaði heilbrigðiskerfisins. Auk þessa má ætla, eins og áður segir, að heilbrigðir og hraustir starfsmenn skili meiri tekjum til fyrirtækja sem aftur eykur skatttekjur ríkissjóðs, en það vegur upp á móti því tekjutapi sem frádráttarheimildin felur í sér.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 og komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.